

## Leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórna um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2024/2025

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 eru í reglugerð nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=99d26334-cda0-425b-be07-dd5dc1d43dfc>). Í framangreindri reglugerð eru tilgreind almenn skilyrði fyrir úthlutun aflamark er að finna

Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga og getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem víkja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um fjögurra vikna frest fyrir sveitarstjórnir til að skila tillögum og ákvæði um kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna byggðakvóta í byggðarlaginu eftirfarandi:

### Málsmeðferð sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna byggðakvóta. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er um afgreiðslu málsins í fundargerð. Erindi með tillögum með áritun sveitarstjórnar ásamt afriti af fundargerð er sent rafrænt til matvælaráðuneytis á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

### Málsmeðferð ráðuneytis

- Ráðuneytið tilkynnir viðeigandi sveitarstjórn um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2024/2025.
- Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu ásamt tillögu að sérreglum.
- Ráðuneytið móttækur erindið og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
- Kynning á tillögum sveitarstjórnar. Ráðuneytið birtir tillögu sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga og óskar eftir athugasemdum varðandi tillögu viðkomandi sveitarstjórnar.
- Ráðuneytið móttækur athugasemdir vegna tillögu sveitarstjórnar fyrir viðkomandi byggðarlag og undirbýr kynningu á athugasemdum.
- Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur tillagna sveitarstjórnar sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarstjórnar vegna viðkomandi byggðarlags m.t.t. afgreiðslu hennar. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
- Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Ráðuneytið kannar hvort aðstæður hafi breyst í viðkomandi byggðarlagi sem gefi tilefni til að fallast á eða hafna tilteknum atriðum í tillögum sveitarstjórnar. Bent skal á að þótt tiltekna tillögur að sérreglum hafi verið staðfestar á fyrri fiskveiðiarum er það ekki vísbending um að sambærilegar tillögur að sérreglum muni verða samþykktar fyrir viðkomandi byggðarlag fyrir fiskveiðiaríð 2024/2025 þar sem ráðuneytinu ber að taka afstöðu til hvernar tillögu fyrir sig með hliðsjón af málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga í hverju tilviki fyrir sig.
- Ráðuneytið skrifar fundargerð um afgreiðslu erindis.
  - Ráðuneytið staðfestir að fullu tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - Ráðuneytið staðfestir að hluta tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - Ráðuneytið hafnar tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.

Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu ásamt rökstuðningi á afgreiðslu. Ef ástæða er til þá er sveitarstjórnnum gefin kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
- Auglýsing sérreglna fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög er send Stjórnartíðindum til birtingar. Ráðuneytið getur gert leiðréttingar og formbreytingar á tillögum sveitarstjórna ef þörf er á ef það er nauðsynlegt m.t.t. málfars eða samhengis. Ráðuneytið mun hins vegar ekki leggja til efnisbreytingar á tillögum sveitarstjórna heldur verða slíkar tillögur að berast ráðuneytinu frá viðkomandi sveitarstjórn.
- Ráðuneytið sendir Fiskistofu fyrirhælt um að auglýsa byggðakvóta til fiskiskipa til umsóknar fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög eftir að sérreglur hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

### Afgreiðsla Fiskistofu

Fiskistofa auglýsir byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef við á.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áforma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að **ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórna feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávik eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr. reglugerðar nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025.**

**Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

<b>Sveitarfélag:</b>	Sveitarfélagið Skagaströnd
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Sveitarfélagið Skagaströnd
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	18. febrúar 2025
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Engin breyting
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Engin breyting
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	<p>Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 4,4 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttis byggðakvóta á síðasta fiskveiðiarí. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.</p> <p>Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2024 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa verði skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttis byggðakvóta á síðasta fiskveiðiarí verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.</p> <p>Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 12 þorskgildislestir. Hámarkið gildir um almenna flokkinn en úthlutun til þeirra báta sem eiga hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum komi til viðbótar. Við úthlutun skal fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.</p>
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	<p>Ástæðan fyrir því að halda eftir 4,4 tonnum til skiptanna fyrir þá aðila sem stunduðu innfjarðarrækjuveiðar er að bæta þeim þá takmörkuðu leiðréttingu á kvóta sem þeim var veitt þegar innfjarðarrækjuveiðar voru bannaðar. Tonnafjöldinn sem haldið er eftir er ekki umfangsmikill í ljósi þeirra skerðinga sem orðið hafa á úthlutun til Skagastrandar frá síðasta ári. Sveitarstjórn taldi þó mikilvægt að halda eftir einhverju lágmarki enda hefur þessi framkvæmd verið viðhöfð í yfir 10 ár og gæta þarf meðalhófs með tilliti til réttmætra væntinga þeirra aðila sem hafa notið þessara gæða undanfarin ár og áratugi. Tonnafjöldinn sem haldið er eftir tekur mið af því að skerðing á úthlutun á heildaraflamarki til sveitarfélagsins nemur um 68% á milli ára. Í síðustu úthlutun var heildaraflamarkið sem úthlutað var til sveitarfélagsins 170 tonn og haldið eftir 40 tonnum fyrir þá aðila sem áttu hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum í Húnaflóa. Það var um 24% af úthlutun síðasta árs. Var sú tala skert um 68% í samræmi við heildarskerðingu til byggðalagsins í ár og skilar það því 4,4 tonnum sem haldið er eftir fyrir þessa aðila og stendur utan við úthlutun skv. almennum reglum þeirra laga og reglna sem að öðru leyti eiga við.</p> <p>Við úthlutun byggðakvóta er óskað eftir því að hámarksúthlutun nemi 12 tonnum á hvern bát, en hámarkið nam 50 tonnum á líðandi fiskveiðiarí sem er ígildi heildarúthlutunar til sveitarfélagsins í ár. Sveitarfélagið hefur óskað eftir því að þak verði sett á úthlutanir til skipa sem gera út frá Skagaströnd og eiga rétt á byggðakvóta í meira en 10 ár og hefur þakið verið á bilinu 35-70 tonn en úthlutanir til sveitarfélagsins á bilinu 170-300 tonn. Sveitarstjórn lítur svo á að mikilvægt sé að sem flestir sem gera út frá Skagaströnd fái tækifæri til að veiða byggðakvótann. Með því móti verða til fleiri störf í sveitarfélaginu auk afleiddra starfa. Byggðakvóti hefur áhrif á afkomu um 80 íbúa á Skagaströnd og verðmæti, þó skert séu, því veruleg bæði bein og afleidd. Sveitarstjórn er umhugað um að vernda þau störf sem fyrir eru á Skagaströnd ásamt því að auka möguleika á fjölgun starfa í kringum útgerð og þjónustu við hana. Að sama skapi er mikilvægt að skerða réttindi stærri útgerðaraðila á Skagaströnd ekki um of, en alla jafna eru bara tvær útgerðir sem gera út á Skagaströnd allt árið og eru með launamenn í vinnu. Ef miðað er við að heildarúthlutun til sveitarfélagsins nemi 55 tonnum í þorskgildum talið þótti hóflegt að setja viðmiðið við 12 tonna hámark á hvern aðila miðað við</p>

	<p>aflabrögð síðustu misseri þar sem það skerðir að litlu leyti rétt umsvifameiri útgerðaraðila til úthlutunar á byggðakvóta en tryggir þó að potturinn tæmist ekki og úthlutanir til smærri útgerðaraðila séu enn til staðar í einhverjum mæli sem máli skiptir. Með því að setja þak á hámarksúthlutun skerðist réttur einstakra aðila sem eiga rétt á úthlutun byggðakvóta, enda eru sérreglur í eðli sínu þannig að þær skerða alla jafna réttindi einhverra hópa. Hjá því verður ekki komist og því mikilvægt að horft sé til meðalhófs og jafnræðis við setningu reglnanna sem sveitarstjórn telur sig hafa gert í þessu tilviki. Sé ekki sett sérregla sem setur einhverjar skorður á úthlutanir til einstakra aðila, hér með umbeðnu þaki á heildarúthlutun til skipa, þá renna um 35% af öllu úthlutaðu aflamarki almenna byggðakvótans til eins aðila. Sá aðili er ekki með lögheimili á Skagaströnd og stuðlar úthlutun því ekki að þeim grunnmarkmiðum sem byggðakvótanum var ætlað að styðja í þeim sjávarbyggðum sem orðið hafa fyrir samdrætti eða stöðnun í sjávarútvegi – að skapa atvinnu og stuðla að byggðafestu. Mat sveitarstjórnar er þó grundvallað á meðalhófi og byggir á málefnalegum og staðbundnum forsendum án þess að skerða réttindi einstakra aðila um of og telur sveitarstjórn beiðni um framangreinda sérreglu því forsvaranlega og í samræmi við þær reglur sem áður hafa verið samþykktar af ráðuneytinu. Hefur sveitarstjórn eftir fremsta megni reynt að aðlaga beiðni sína um sérreglu að þeim samdrætti sem orðið hefur á heildarráðstöfunar til byggðarlaga í ár. Ljóst er að byggðakvótinn er orðinn mjög útpynntur, en á Skagaströnd eiga 23 bátar tilkall til úthlutunar í þetta skiptið, en hvergi annar staðar á landinu eru jafn margir aðilar sem sækjast í þessi gæði.</p>
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	<p>Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025</p> <p>.</p>
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	<p>Forsendur þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla í sveitarfélaginu sem getur tekið við þeim fiski sem útgerðir veiða og landað er í Skagastrandarhöfn. Ekki hefur náðst samkomulag við fiskvinnslufyrirtæki um uppsetningu á vinnslu á Skagaströnd. Fiskmarkaður Íslands rekur hins vegar öflugan fiskmarkað í sveitarfélaginu og er öllum afla landað beint á markað.</p> <p>Útgerðir á Skagaströnd geta því ekki orðið hæfar til að fá úthlutaðan byggðakvóta nema vinnsluskyldunni verði aflétt. Engu að síður er skýrt að löndun aflans er bundin við byggðarlagið og er það skilyrði ófrávíkjanlegt með öllu.</p>
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á töluþóttfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> .	